



Nafn

Heimilisfang
Póstnúmer

Kópavogi, 24. nóvember 2023
2311812/501.03 KH

Bollasmári 6. Breytt deiliskipulag.

Á fundi skipulagsráðs Kópavogs 20. nóvember 2023 var lögð fram umsókn Emils Þórs Guðmundssonar byggingarverkfræðings dags. 17. nóvember 2023 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 6 við Bollasmára um breytingu á deiliskipulagi.

Í gildandi deiliskipulagi er ein íbúð á tveimur hæðum heimiluð á lóðinni og heildarbyggingarmagn 308,6 m². Í breytingunni felst að neðri hæð hússins verði stækkuð til vesturs um 11 m² undir nýja útbyggingu efri hæðar, sem samþykkt var 2020. Byggingarmagn eykst úr 308.6 m² í 320m². Nýtingarhlutfall hækkar úr 0.45 í 0.46.

Uppdrættir í mkv. 1:200, 1:500 og 1:1000 dags. 16. nóvember 2023 ásamt minnisblaði skipulagsdeildar dags. 17. nóvember 2023.

Skipulagsráð samþykkir með tilvísun í 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að framlögð tillaga að breyttu deiliskipulagi verði grenndarkynnt fyrir lóðarhöfum lóðanna nr. 1-9 við Bollasmára og 1, 3, 5, 7 og 9 við Brekkumára.

Athugasemdum við ofangreinda tillögu skal skila í gegnum skipulagsgátt www.skipulagsgatt.is, málsnr. 933/2023, eigi síðar en miðvikudaginn 3. janúar 2024. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á skipulag@kopavogur.is.

Umhverfissvið, skipulagsdeild Kópavogs, notar þær persónugreinanlegu upplýsingar sem settar eru fram vegna athugasemda við skipulag, s.s. kennitölu, nafn og netfang í þeim tilgangi að vinna úr athugasemdum og auðkenna borgarbúa. Að auglýsingarferli loknu eru gögn varðveitt í 30 ár og flytjast að þeim tíma liðnum til Þjóðskjalasafns Íslands skv. lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.

Vakin er athygli á því að athugasemdir teljast til opinberra gagna í allri skipulagsmeðferð og birtast meðal annars nöfn bæjarbúa í fundargerðum skipulags- og samgönguráðs á netinu.

Meðfylgjandi:

Kynningaruppdráttur að tillögu: Uppdráttur í mkv. 1:1000, 1:500 og 1:200 dags. 16. nóvember 2023.

Samrit sent lóðarhöfum lóðanna nr. 1-9 við Bollasmára og 1, 3, 5, 7 og 9 við Brekkumára.

Kynningu er einnig hægt að nálgast á heimasíðu Kópavogsbæjar:

www.kopavogur.is / Íbúar / Skipulagsmál / Skipulag og framkvæmdaleyfi í kynningu

Næsti fundur skipulagsráðs er áætlaður 15. janúar 2024.



Vakin er athygli á 43. gr. skipulagslaga 123/2010 en þar segir meðal annars:

- Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi og skal þá fara um breytinguna eins og um nýtt deiliskipulag sé að ræða. Þó er ekki skylt að taka saman lýsingu, skv. 1. mgr. 40. gr., vegna breytinga á deiliskipulagi.
- Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi sem séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 1. mgr. og skal þá fara fram grenndarkynning. Við mat á því hvort breyting á deiliskipulagi teljist óveruleg skal taka mið af því að hve miklu leyti tillagan víkur frá notkun, nýtingarhlutfalli, útliti og formi viðkomandi svæðis.
- Við útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfa getur sveitarstjórn heimilað að vikið sé frá ákvæði 2. mgr. þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsfulltrúa

Karlotta Helgadóttir
Ritari skipulagsdeildar

Meðfylgjandi:

Kynningaruppdráttur að tillögu: Uppdráttur í mkv. 1:1000, 1:500 og 1:200 dags. 16. nóvember 2023.

Samrit sent lóðarhöfum lóðanna nr. 1-9 við Bollasmára og 1, 3, 5, 7 og 9 við Brekkumára.

Kynningu er einnig hægt að nálgast á heimasíðu Kópavogsbæjar:

www.kopavogur.is / Íbúar / Skipulagsmál / Skipulag og framkvæmdaleyfi í kynningu

Næsti fundur skipulagsráðs er áætlaður 15. janúar 2024.